

## 1031. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 9. september 2009 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Kristinn Örn Jóhannesson, Bjarki Steingrímsson, Ágúst Guðbjartsson, Benedikt Vilhjálmsson, Bergur Þór Steingrímsson, Hólfríður Björg Petersen, Jón Magnússon, Óskar Kristjánsson, Sigríður Stefánsdóttir, Sigurður Sigfússon, Stefanía Magnúsdóttir, Steinar J. Kristjánsson og Ární Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

- 1. Fundarsetning**  
Kristinn Örn setti fundinn kl. 18:15
- 2. Samþykkt fundargerða**
- 3. Nýir og endurnýjun trúnaðarmanna**  
Frestað.
- 4. Styrkbeiðni**  
Samþykkt að fresta til næsta fundar.
- 5. Breytingar á vinnumarkaði (launaskerðingar, stytting vinnutíma o.s.frv.)**  
Framhald umræðu frá síðasta fundi.  
Ákveðið að ekki verði farið í sértækar aðgerðir að svo stöddu.  
Ákveðið að Kristinn Örn geri drög að ályktun VR um þrýsting á stjórnvöld um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna.
- 6. Önnur mál**  
Bjarki lagði fram tillögu sem Ragnar Þór hafði áður lagt fram en var frestað vegna fundar með stjórnarmönnum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (Live) þar sem óskað er eftir viðskiptaupplýsingum frá sjóðnum fyrir árin 2007-2009. Bjarki ber þetta nú upp sem sína tillögu. Vísað frá.  
Kristinn Örn óskaði eftir því að það yrði bókað í fundargerð að hann vilji að starfsemi lífeyrissjóðanna í landinu væri rannsökuð í heild sinni svo að hægt sé að læra af mögulegum mistökum til framtíðar.  
Bjarki lagði fram tillögu um mótmæli stjórnarmanna VR við skipun Brynju Halldórsdóttur í stjórn Live, sem fulltrúi Samtaka atvinnulífsins (SA), en hún var áður í stjórn Kaupþings banka. Frestað en BS og KÖJ falið að ræða við tilnefningaraðila

Umræða um önnur mál.

Fleira ekki gert og var fundi slitið kl. 21:35